

Fjarstýrð loftför (drónar eða flugmódel) / Remotely piloted aircraft (drone or aircraft model)

ICELANDIC



ENGLISH

Efnisleg ábyrgð: Samgöngustofa
Content Responsibility: Icelandic Transport Authority

1. Fjarstýrð loftför (drónar eða flugmódel) / Remotely piloted aircraft (drone or aircraft model)

Með reglugerð um starfrækslu fjarstýrðra loftfara nr. 990/2017 sem tekur gildi 15. desember 2017, taka gildi reglur um starfrækslu og flug fjarstýrðra loftfara (dróna eða flugmódel) á Íslandi.

Reglugerðin gerir greinarmun á því hvort um flug fjarstýrðra loftfara í atvinnuskyni eða tómstundaskyni er að ræða, en sérstök skilyrði gilda fyrir notkun fjarstýrðra loftfara sem flogið er í atvinnuskyni, sjá nánar í reglugerð.

Eftirfarandi eru almennar takmarkanir á flugi fjarstýrðra loftfara (dróna eða flugmódel) skv. reglugerðinni, en nánari ákvæði og kröfur um flug fjarstýrðra loftfara (dróna eða flugmódel) er að finna í reglugerðinni.

Óheimilt er að fljúga fjarstýrðu loftfari (dróna eða flugmódeli) yfir mannfjölda.

Innan þéttbýlis er eingöngu heimilt að fljúga í tómstundaskyni fjarstýrðu loftfari (dróna eða flugmódeli) sem vegur að hámarki 3 kg.

Ekki skal flogið nær íbúðarhúsnæði eða athafnasvæðum en 50 m nema með heimild frá eiganda, umráðanda eða húsfélagi.

Utan þéttbýlis er heimilt að fljúga fjarstýrðu loftfari (dróna eða flugmódeli) sem vegur að hámarki 25 kg. Ekki skal flogið nær frístundahúsum, íbúðarhúsnæði eða athafnasvæðum utan þéttbýlis en 150 m án heimildar eiganda eða umráðanda

Fylgja skal fyrirmælum, takmörkunum og banni flugumferðarþjónustu, lögreglu, Landhelgisgæslunnar, Samgöngustofu sem og annarra yfirvalda um flug fjarstýrðra loftfara (dróni eða flugmódel) á tilteknum svæðum, þ.á.m. takmörkunum sem settar eru innan friðlýstra svæða á grundvelli laga um náttúruvernd eða á grundvelli sérlaga sem um viðkomandi svæði kunna að gilda.

With Regulation No 990/2017 on the operation of remotely piloted aircraft, entering into force on 15 December 2017, rules on flight and operations of remotely piloted aircraft (drone or aircraft model) enter into force in Iceland.

The regulation distinguishes between flight of remotely piloted aircraft for leisure or professional purpose, but specific requirements apply to the operations of remotely piloted aircraft when used for professional purpose.

Following are general restrictions on the flight of remotely piloted aircraft (drones or aircraft models) according to the Regulation, but further requirements for the flight of remotely piloted aircraft (drones or aircraft models) are stipulated in the Regulation.

It is prohibited to fly a remotely piloted aircraft over crowds of people.

Within urban areas, remotely piloted aircraft (drone or aircraft model) that is being flown for leisure may weigh a maximum of 3 kg.

Without consent from the owner, caretaker or residents' association, remotely piloted aircraft (drone or aircraft model) may not be flown closer to residential buildings or premises, than 50 meters.

In areas outside urban areas, remotely piloted aircraft (drone or aircraft model) weighing a maximum of 25 kg may be flown. Without consent from the owner or caretaker, remotely piloted aircraft may not be flown closer to summer houses, residential buildings or premises outside urban areas, than 150 meters.

The instructions, restrictions and prohibition by air traffic services, police, the Icelandic Coast Guard, the Icelandic Transport Authority and other authorities on flights of remotely piloted aircraft (drone or aircraft model) in specific areas shall be followed, including restrictions of flights within protected areas based on the Nature Conservation Act or on the basis of special acts that may apply to the area concerned.

Taka skal tillit til allrar flugumferðar sem og annarrar umferðar. Fylgjast skal með loftrými þar sem flug á sér stað svo að hægt sé að stöðva flug/víkja ef loffför með stjórnanda um borð nálgast rýmið. Jafnframt skal þess gætt að flug trufla ekki aðra umferð s.s. skipa eða ökutækja eða sé til þess fallið að skerða athygli stjórnenda eða annarra um borð. Fjarstýrð loffför (dróni eða flugmódel) skulu víkja fyrir annarri umferð og óheimilt er að nýta fjarstýrt lofffar til að hafa áhrif á aðra umferð.

Óheimilt er að fljúga fjarstýrðu lofffari (dróna eða flugmódeli) í meiri hæð en 120 m yfir láði og legi.

Óheimilt er að fljúga innan 150 metra fjarlægðar frá opinberum byggingum s.s. Alþingi, forsetabústað, ráðuneytum, lögreglustöðvum og fangelsum.

Leyfi rekstraraðila flugvallar þarf til þess að fljúga fjarstýrðu lofffari (dróna eða flugmódeli) innan flugvallarsvæða.

Leyfi Isavia þarf til þess að fljúga fjarstýrðu lofffari (dróna eða flugmódeli) innan:

- 2 km frá svæðamörkum Keflavíkur-, Reykjavíkur-, Akureyrar- og Egilsstaðaflugvallar;
- 1,5 km frá svæðamörkum annarra áætlunarflugvalla,

að því undanskildu að flug er heimilt ef lofffarinu er flogið undir hæð hæstu mannvirkja í næsta nágrenni við flugferil lofffarsins.

Gátt fyrir umsóknir um leyfi er að finna á heimasíðu Isavia.

Í kringum flugbrautir annarra flugvalla og lendarstaða skal sýna ýtrustu varkárni og gæta fyllsta öryggis. Fjarstýrð loffför (dróni eða flugmódel) skulu ávallt víkja fyrir annarri flugumferð. Upplýsingar um svæðamörk flugbrauta og áætlunarflugvelli er að finna á vef Samgöngustofu.

Flug fjarstýrðra lofffara (dróni eða flugmódel) skal ávallt fara fram í augsýn fjarflugmanns eða umsjónarmanns fjarstýrðs lofffars. Þó er heimilt að fljúga fjarstýrðu lofffari (dróna eða flugmódeli) sem vegur minna en 3 kg úr augsýn fjarflugmanns sé um að ræða flug utan þéttbýlis og byggðra svæða, að því gefnu að aðskilnaður sé tryggður og að flug ógni ekki fólki, dýrum og loffförum með stjórnanda um borð eða sé til þess fallið að valda tjóni á eignum eða raska varpstöðvum eða búsvæðum villtra dýra.

Samgöngustofa sér um veitingu leyfa og undanþága fyrir fjarstýrð loffför (dróna eða flugmódel) sem ekki er flogið í tómstundaskyni í öðrum tilvikum en þegar um er að ræða flug í nágrenni flugvalla, í samræmi við ákvæði reglugerðar nr. 990/2017 um fjarstýrð loffför.

Gátt fyrir umsóknir um leyfi og undanþágu fyrir fjarstýrð loffför sem ekki er flogið í tómstundaskyni er að finna á heimasíðu Samgöngustofu.

All air traffic as well as other traffic shall be taken into account. Airspace shall be monitored where remote piloted flights (drone or aircraft model) take place so that the flight can be stopped or diverted if manned aircraft approaches the space. At the same time, care shall be taken that flights will not interfere with any other traffic such as ships or vehicles and not impair the attention of pilots or other persons on board. Remotely piloted aircraft (drone or aircraft model) shall keep out of the way of other traffic and may not be used to affect other traffic.

It is prohibited to fly a remotely piloted aircraft (drone or aircraft model) at an altitude greater than 120 m above the ground or sea.

It is prohibited to fly within 150 meters from public buildings such as Parliament, the President's Residence, ministries, police stations and prisons.

A permit from the airport operator is required for flying a remotely piloted aircraft (drone or aircraft model) within an aerodrome area.

A permit from Isavia is required for flying a remotely piloted aircraft (drone or aircraft model) within:

- 2 km from Keflavik Airport, Reykjavik Airport, Akureyri Airport and Egilsstadir Airport;
- 1.5 km from the boundary of other airports with scheduled air transport,

with the exception that flights may be operated below the height of the highest structures in the immediate vicinity of the flight trajectory of the aircraft.

Application for permission shall be filed on the Isavia website.

Extreme caution and care shall be exercised in the proximity of other aerodromes and landing and take-off areas. Remotely piloted aircraft (drone or aircraft model) shall always make way for other air traffic. Information on boundaries of runways and scheduled air service airports can be found on the website of the Icelandic Transport Authority.

Remotely piloted aircraft flights (drone or aircraft model) shall always be conducted within the visual line of sight of a remote pilot or an RPA observer of a remotely piloted aircraft. However, a remotely piloted aircraft (drone or aircraft model) weighing less than 3 kg may be flown out of line of sight of a remote pilot in case of flights outside urban and habited areas provided that spacing is ensured and provided that the flight does not threaten persons, animals and manned aircraft or causes damage to property or disruption to bird colonies or wildlife habitats.

The Icelandic Transport Authority issues permits and exemptions for the operations of non-recreational, remotely piloted aircraft, according to Regulation No 990/2017.

Application for permission or exemptions for the operations of non-recreational, remotely piloted aircraft shall be filed on the Iceltra website.

Upplýsingabréf felld út gildi / AIC hereby cancelled:
A 001/2014, A 017/2017

**Efni eftirfarandi NOTAM skeyta birt í þessu upplýsingabréfi: /
NOTAM incorporated in this AIC:**
Ekkert / NIL

ENDIR / END

THIS PAGE INTENTIONALLY LEFT BLANK